

Kennsluáætlun 2023-2024

7. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Kennari: Lára Björk Sigurðardóttir

Markmið:

Nemandi:

- Getur lesið texta við hæfi með góðum hraða a.m.k. 120 orð á mínútu.
- Getur tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.
- Getur tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar.
- Getur lesið gamlar og nýjar bókmennir, þ.á.m. þjóðsögur, ljóð og bókmenntir fyrir börn og unglinga.
- Getur greint og fjallað um aðalatriði í texta, helstu efnisorð og nýtt mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.
- Nemandi getur beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetninga og hefur náð valdi á þeim.
- Getur skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða í tölvu.
- Getur nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun.
- Nemandi þekkir hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og hvað einkennir þau.
- Nemandi þekkir hugtökin málsgrein, setningu og efnisgrein.
- Nemandi þekkir algeng orðasambönd, orðtök og málshætti í töluðu og rituðu máli.
- Nemandi getur nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnagrunnum um mál.

Kennsluáferðir/vinnulag:

- Einstaklingsvinna
- Para- og hópavinna
- Unnið eftir vikuáætlunum
- Leiðsagnarnám

Námsmat:

- Lesfimi í september, janúar og maí (lesfimiviðmið við lok 7. bekkjar eru a.m.k. 120 orð á mínútu).
- Orðarún – lesskilningspróf.
- Símat.
- Kannanir og próf.
- Leiðsagnarmat.
- Virkni og vinnubrögð í tímum.

Námsgögn:

- Orðspor 3, lesbók og vinnubók
- Málrækt 3
- Þriðji Smellur
- Góður – betri – bestur 7A/7B
- Lesskilningsefni
- Námsvefir og ýmis gögn frá kennara